

Ed.

218. Frumvarp

til laga um jarðamat.

Flutningsmaður: Jón Þorkelsson.

1. gr.

Allar jarðeignir á landinu skal meta til peningaverðs 10. hvert ár, þó svo að fyrsta jarðamat eftir lögum þessum skal fara fram árið 1916 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug.

Ef jörð verður fyrir miklum skemdum af völdum náttúrunnar eða verðmæti hennar rýrnar til muna á annan hátt milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, getur eigandi krafist endurvirðingar. Sömuleiðis getur landsstjórnin látið nýtt mat fram fara á einstökum jörðum, er hækka mjög í verði án tilkostnaðar af hálfu eiganda.

2. gr.

Hverja jörð skal meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar. Til hliðsjónar við matið skal hafa tekjur þær, er fást af jörðinni, leigumála þann, sem er eða telja má hæfilegan, verð það, er jörðin hefir verið seld fyrir síðustu 10 ár áður en matið fór fram og virðingar til lántöku og veðsetningar. Jarðir skulu lagðar í hundruð á landsvisu og metnar til peninga í hundruðum króna, og skal matsverð hvernjar jarðeignar standa á heilu hundraði.

3. gr.

Við jarðamat skal hver jörð, sem hefir sjerstök bæjarhús og afskift tún og engi með ákveðnum ummerkjum og er sjereign, metin út af fyrir sig hvort sem jörðin hefir áður talist lögbyli eða hjáleiga.

Verði ágreiningur um þetta eða vafasamt þyki, hvort jarðeign, sem er skift sundur milli fleiri eigenda, skuli metin í einu lagi, sker Stjórnarráðið úr þeim ágreiningi.

4. gr.

Með hverri jörð skal meta hús þau, er henni fylgja og höfð eru til ábúðarnota, sömuleiðis allskonar hlunnindi og ítök í annara lönd, og skulu öll eignagögn jarða og landamerkjabrjef afhent jarðamatsnefnd í staðfestri afskrift eða frumriti, og síðan látin fylgja jarðamatsgjörðunum.

Með jörðum skulu eigi metin innstæðukúgildi eða annað lausafje, er jörð kann að fylgja.

5. gr.

Afrjettarlönd þau, sem eru sameign sveitarmanna og einungis notuð til uppreksturs, skal eigi meta sjerstaklega, en aftur á móti ber að taka upprekstrarrjettinn til greina við mat jarða þeirra, er hann eiga.

Prætulönd milli jarða skulu ekki verðlögð sjer í lagi, en við matið skal þeim skift jafnt milli jarða þeirra, er eigna sjer löndin.

6. gr.

Í hverri sýslu og kaupstað skal skipa 3 menn í jarðamatsnefnd. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af sýslunefnd og bæjarstjórn, en hinn 3. skipar Stjórnarráðið, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jarðamatsnefndir hafa sömu laun fyrir starfa sinn eins og sýslunefndir.

Jarðamat skal fara fram samkvæmt reglugjörð, er Stjórnarráðið semur og skal því lokið í hverju umdæmi fyrir 15. júlí. Matsgjörðirnar úr hverjum hreppi skulu lagðar fram 1. ágúst á þingstað hreppsins, eða öðrum hentugum stað, er auglýstur skal fyrirfram, og liggja þar til sýnis út mánuðinn. Að því búnu skulu þær sendar formanni yfirskattanefndar.

7. gr.

Við mat jarða skal gefa eiganda eða umráðanda kost á að vera viðstaddur og koma fram með þær skýringar, er hann óskar að teknar verði til greina við matið. Sje hann óánægður með mat það, sem sett er á jörðina, skal hann bera upp kærú sína brjeflega fyrir formanni yfirskattanefndar fyrir 31. dag júlímánaðar. Innan sama tíma er hverjum jarðeiganda heimilt að kæra yfir því, að aðrar jarðir sjeu of lágt metnar. Yfirskattanefnd fellir úrskurð um kærúna, að fengnu álití jarðamatsnefndar, og tilkynnir úrskurðinn kæranda, og er því máli þar með ráðið til lykta.

8. gr.

Yfirskattanefnd skal endurskoða mat allra jarðeigna í umdæmi sínu og ef henni virðist eitthvað vera óljóst eða rangt, getur hún heimtað nánari skýringar og skal síðan lagfæra jarðamatið eftir því sem henni þykir rjett vera.

Innan septembermánaðarloka skal formaður yfirskattanefndar afgreiða matsgjörðirnar til Stjórnarráðsins.

9. gr.

Samkvæmt matsgjörðum jarðamatsnefnda með þeim breytingum, er á jarðamatinu hafa orðið við úrskurð eða endurskoðun yfirskattanefnda, lætur landsstjórnin semja jarðabók fyrir alt landið. Jarðabókin gildir frá 1. janúar árið eftir að jarðamat fer fram, til 31. des. það ár, sem næsta jarðamat er framkvæmt. Eftir henni skal greiddur fasteignarskattur af jarðeignum og önnur þau gjöld til almennings þarfa, sem lögð eru á jarðeignir eða miðuð við jarðadýrleika. Jarðabókin skal prentuð og send ókeypis öllum þeim, er fá Stjórnartíðindin kauplaust. Breytingar þær, sem verða á mati jarða milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, skal birta í A-deild Stjórnartíðindanna.

10. gr.

Allan jarðamatskostnað skal greiða úr landssjóði. Þó skal sá er krefst endurvirðingar milli þess, sem lögákveðið jarðamat fer fram, greiða kostnaðinn við virðinguna, nema verðið breytist um $\frac{1}{10}$ eða meira.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun 1. apríl 1861 um lög-gilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland.